

samhengissafnið / context collection

Síðan ég byrjaði í heimavistar skóla 8 ára gömul hef ég skráð hjá mér brot úr daglegu lífi. Þessi árátta hefur velkst með mér síðan. Dag- bókarformið er greiningartæki, til að átta mig betur á því hvað er að gerast í mínu eigin lífi og heiminum sem rúllar fyrir utan það. Mörg verka minna hafa gegnt svipuðu hlutverki, að greina bilið sem er á milli orsakar og afleiðingar og finna fyrir það sjónrænt form.

Since I started boarding school at the age of 8 I have recorded fragments of daily life. This habit has stayed with me ever since. I have used the diary form as a tool for analysis, to more fully understand the things happening in my own life, and in the world rolling on outside of it. My practice has served a similar purpose – to analyse the space between cause and effect, and finding it a visual manifestation. In this volume daiary fragments appear, as well as fragments of my works.



tenging / connecting




Fortíðin er sterkur þáttur í nútíðinni. Rannsókn á lítilli einingu dregur fram fjölbreytni innan stærri heildar. Þannig er hægt að komast sem næst því að kanna hvað hafi legið að baki ákvörðunum sem teknar voru fyrir fjölmörgum árum, jafnvel öldum, og verða hluti af ákvörðunum morgundagsins.

Heritage is a strong element that plays a key role in identity formation, at all levels. By researching a confined unit, diversity and difference on a larger scale can be revealed. The process enables one to examine the grounds for decisions taken in previous years, even centuries ago, and attempt to understand how the effects of those




Heklugosið 1970 hafði viðtæk áhrif. Flúormenguð askan barst með vindinum alla leið norður í Víðidal. Þetta gerðist um miðjan sauðburð þannig að margt af fullorðna fénu drapst, fjárhúsin fylltust af móður- lausum lömbum og það tók okkur systurnar allan daginn að gefa þeim mjólk úr pela.

Hekla erupted in 1970, the ash was carried with the wind to my home in north Iceland. It was lambing season during spring, the ash was full of fluorine so many of the sheep were killed, my sister and me had to bottle feed all the newborns; an infinite process.



Lundúnaborg var heimili mitt í fjögur ár. Ég sótti um í Slade, mappan mín var númer 512.

London was my home for 4 years When I handed in my portfolio at the Slade School of Fine Art it was number 512.



Why are women always being frightened? When I took part in the Istanbul biennial in 1997 there was a large group of artists in the city, scattered across various hotels. One of the stories making the rounds was that women taking a taxi by themselves were frequently raped by the taxi driver. After a long day at the conference a taxi was just what I needed in order to get back to the hotel. As I took a seat in the back of the car leant backwards, looked at the driver and thought to myself, "That's no rapist". As soon as I'd formulated this thought a herd of men jumped over a stonewall, flooded the street, beating the cars as they ran past them. The driver locked all doors, swore terrifically, and narrowly managed to escape via a side street. There were traffic jams everywhere, the driver honked his horn liberally and, it eventually got stuck and honked continually. We were driving down a narrow street in an impoverished neighbourhood, when suddenly all lights in the neighbourhood went out. The driver swore, accompanied by the horn, and the street closed. It was impossible to turn around, so the car had to reverse up the hill, accompanied by the appropriate swearing and honking. I was half out of the rear window to stop the driver from hitting the homeless people before they managed to bolt out of their cardboard boxes. All communication took place with the waving of hands, through sounds, and other physical expressions. It all worked out in the end, and once I saw the roof of my hotel in the distance I began thanking my driver a thousandfold for not abandoning me out in the great unknown, and paid double his asking price. The next day I learned that riots had broken out following a loss in an international football game. And the darkness in the impoverished neighbourhood was an act of protest.



Minnið er snúið fyrirbæri. Ég hélt alltaf að annaðhvort myndi maður það sem hefði gerst eða væri búin að gleyma því, eða myndi hluta úr atburðarás. En mér til mikillar undrunar komst ég að því að maður ritskoðar og breytir minningum. Sem krakki hélt ég svokallaðar minningabækur, síðan tóku við dagbækur sem ég skrifaði í viðstöðu- laust. Ég hafði sannreynt með mínum dagbóarskrifum að með því að skrifa niður tilfinningar mínar áttaði ég mig betur á atburðarás og samhengi hlutanna. Þegar ég eignaðist vídeótökuvél fór ég að nota hana sem tæki fyrir dagbóarskrifur, talaði við vélina eins og félag. Þangað til fyrir stuttu hafði ég bara skráð en ekki skoðað efnið. Þegar ég var að klippa saman efni frá ferðinni til S- Kóreu þar sem ég tók þátt í Kwangju tvíæringnum vildi svo til að dagbóarskrifurnar leyn- dust á milli efnisins sem ég var að vinna með, Í stað þess að vera á sér spólu, þannig að ég hlustaði á sjálfa mig segja frá hverjum degi fyrir sig. Þá áttaði ég mig á því að ég hafði ritskoðað eigin minning- ingar án þess að gera mér grein fyrir því. Í minningunni var ferðin til S-Kóreu eintóm ánægja en þegar ég hlustaði á atburðarás hvers dags kom í ljós að á meðan á uppsetningu verksins stóð hafði ég miklar áhyggjur af hvort allt mundi ganga upp, hvort ég mundi finna það sem til þyrfti fyrir verkið o.s.frv. Allt lukkaðist að lokum og það var það sem sat eftir í minningunni. Annað hafði ég þurrkað út.



Þegar ég var 16 ára fór ég hringinn í kringum landið á puttanum og skrifaði í gula stílabók. Dettifoss situr sterkur í minningunni. Ég hafði ekki hugmynd um að svona staðir væru til. Ég fékk að vita að vatnið væri mórætt vegna þess að það kæmi alla leið úr jöklinum og tæki með sér jarðveg í leiðinni. Ég settist eins nálægt fossinum og ég mögulega þorði til að finna hann; titringinn af aflinu. Seinna í ferðinni þegar ég var komin á Suðausturland sá ég fyrst til jökulsins sem vatnið fyrir norðan hafði runnið úr. Ég hafði fengið far með vörubíl, bílstjórinn beygði inní Skaftafell til að fá sér kaffi. Og þarna var hann þessi stóri jökull, hvítur og mikill. Hvannadalshnjúkur, Dyrhamar, Hrútfjalls-tindar. Vatnajökull; það var ást við fyrstu sýn.

Það var í brúðkaupsferðinni okkar sem við MTG komum í fyrsta skiptið í Grímsvötn. Við gengum á skíðum frá Kverkfjöllum yfir í Grímsvötn, þaðan sem leiðin lá framhjá Þumli niður í Skaftafell.

When I was sixteen years old I hitchhiked around the country and wrote in a yellow notebook. The Dettifoss waterfall is powerful in my memory. I had no idea that places like this existed. I was told that the water was rust coloured because it had come all the way from the glacier and carried silt with it along the way. I sat down as close to the waterfall as I possibly dared in order to feel its force; and the vibration of its power. Later during the trip, once I'd reached the South-East, I saw the glacier that was the original source of the water in the north. I'd hitched a ride with a truck, the driver turned into the road to Skaftafell for a coffee. And there it was, this grand glacier, white and magnificent. Hvannadalshnjúkur, Dyrhamar, Hrútfjalls- tindar. Vatnajökull: it was love at first sight.

It was during our honeymoon that Magnús Tumi and I went to Grímsvötn for the first time. We skied from Kverkfjöll over to Grímsvötn, and from there past Þumall down to Skaftafell.



Leiðangrar / exploring



Gosið á Fimmvörðuhálsi braust út að nóttu til. Svæðið í kring var strax rýmt meðan reynt var að staðsetja goss- taðinn. Þegar birti af degi var lítið skyggni og ekki hægt að sjá til eldstöðvanna. Á öðrum degi var ég komin með hópi vísindamanna á Hvolsvöll. Meðan ekki gaf á jökulinn var lesið af mælum og hitinn á vatninu sem rann frá honum mældur. Við lögðum af stað upp kl. 3 um nótt, jökullinn hreinsaði sig í morgun- sárið, eldgosið blasti við og jörðin titraði.

The Fimmvörðuháls eruption started at night. Efforts to evacuate the surrounding area and locate the point of eruption began immediately. When day broke visibility was limited and it was impossible to see the eruption. On the second day I had arrived in Hvolsvöllur with a group of scientists. Whilst the weather conditions were too adverse for the glacier to be traversed the measurement instru- ments were read and the temperature of the water run- ning from the glacier was measured. We headed out at 3 in the morning, the view of the glacier cleared at the break of dawn, we saw the eruption, and the earth trembled.



Það var farið vel yfir öryggisatriði á jöklinum; allir áttu alltaf að vita hvar þeirra farartæki væri og ef eitthvað óvænt gerðist skyldi hörfað, eldgosíð flúið. Ég sat upp í hlíð að filma þegar mikil sprenging varð, allir hlupu af stað. Ég hélt að jörðin væri að opnast undir fótum mér, hljóp af stað niður hlíðina með bakpoka og myndavélar, dragandi þrífótinn á eftir mér. Við komum þrjú samtímis að snjóbjólinum og tróðumst inn og bíllinn var lagður af stað áður en við gátum lokað hurðinni. Eftir smá stund áttaði ég mig á því að það var ekki verið að hörfa af hættusvæðinu, heldur var verið að keyra nær sprengingunni.

Security issues were covered in great detail on the glacier: you were always supposed to know where your vehicle was, and if something unforeseen occurred you were meant to retreat, in order to flee the eruption. I sat up on a hillside filming when there was a big explosion, everybody started running and I thought that the earth was opening up under my feet. I ran down the hill carrying rucksacks and cameras, dragging the tripod behind me. Three of us arrived at the truck simultaneously and squeezed in, and the car had taken off before we managed to close the door. After a little while I realized that we weren't retreating from the danger area, instead we were driving closer to the explosion.



Hraunrennslið hafði náð að steypast fram af gilbarminum og var að bræða sér leið í gegnum þykki snjóalög niður Hrunagil. Þegar logandi hraun rennur ofan í snjó bráðnar snjórinn. Við það að vatnið sýður undir hrauninu byggist upp þrýstingur sem losnar skyndilega með sprengingu. Sprengingin var sjónarspil með miklum hávaða og fljúgandi bombum. Þetta sjónarspil átti síðar eftir að fá viðurnefnið “túristagosið”.

The lava flow was pouring over the edge of the Hrunagil and melting a path through thick layers of snow, down the canyon. When burning lava flows into snow, the snow melts. Pressure builds up because of the water boiling underneath the lava, the pressure is then suddenly released by an explosion. The explosion was a visual spectacle, with a great deal of noise and flying bombs. This visual spectacle would later be dubbed the “tourist eruption”.



Þegar ég var að merkja sýnapokana fyrir Þ. merkti ég alltaf tvo poka, einn fyrir Þ. og einn fyrir mig.

When I was labeling sample bags for Þ. I always labelled two bags; one for Þ. and one for me.



Vald þekkingarinnar

The power of knowledge



kortlagning / mapping




Með því að sauma út kort er ég að helga mér land. Ég veit alltaf hvar ég er stödd á svæðinu, er með jökulinn í fanginu.

When I embroider a map I claim the land. I always know where I am located in the area, the glacier is in my lap.



Öskuhögl eru íshjúpuð gjóskukorn. Íshjúpurinn myndast þegar vatnsgufa þéttist og frýs utan um gjóskukorn í gosmekki. Öskuhögl falla síðan til jarðar á sama hátt og haglél. Gjöf frá MTG í Grímsvötnum 2011.

Ash-infused hail is formed as water vapour condenses and freezes in an ash plume, coating the ash grains. A gift from MTG in Grímsvötn 2011.



Við gosstöðvarnar 1. júní, 2011.

At the eruption site June 1st, 2011.



N: 64°23.671 ' W: 17°24.394 '



Hæðarlínur eru saumaðar út með kontorsting og GPS-punktur merktir inn með flatsaum. Nákvæmt kort af leiðinni sem við gengum 1. og 2. júní 2011.

The contour lines are embroidered with an outline stitch and the GPS-points with a satin stitch. A precise map of the route we walked on the 1st and 2nd of June 2011.



Þar sem ég hef lengi velt því fyrir mér hvernig fortíðin
treður sér inní nútíðina er það sérstök tilfinning að upplifa
land án sögu; nýtt upphaf.

There it is, 9 days old: a new land quietly waiting for its
own history.



heimsókn / observing



Áður en ég lagði af stað til Azerbaijan vissi ég nánast ekkert um landið. Þarna var það svo, við Kaspíahafið með bullandi olíulindum.

Before I went to Azerbaijan I knew virtually nothing about the country. And there it was, by the Caspian Sea, rich with oil wells.



Teið þeirra er magnað; þungt og bragðmikið. Og ekki var sælgætið skorið við nögl hjá þessu ágæta gestrisna fólki í Azerbaijan.

Their tea is intense; heavy and flavourful. And the welcoming people of Azerbaijan are generous with their sweets.



Sauðfjárbúskapur í úthverfum Baku er nokkuð frábrugðinn því sem við eigum að venjast á Íslandi. Þarna sá ég bændur á labbi, rekandi nokkrar kindur á undan sér og beita þeim á grasbrúska í kringum ljósastaura sem stóðu meðfram veginum. Landið er þurrt og þegar ég fór að grennslast betur fyrir um þetta, var mér sagt að þetta væri fyrrum eyðimörk. Þarna eru ræktaðir dásamlegir tómatar.

Sheep farming in the suburbs of Baku is different from what we are used to in Iceland. Driving around in the suburb, looking out of the car window I saw farmers with a few sheep, feeding them grass that grows around lamp-posts. The earth is dry, and when I enquired about this I was told that this was a former desert. Wonderful tomatoes are grown there.



Á leiðinni heim á hótél sá ég fallegar gamlar hurðir, reistar upp einsog í píramída. Um kvöldið labbaði ég aftur fram hjá þessum sömu hurðum þar sem þær voru næstum brunnar til grunna. Unglings- strákar stukku yfir bálið meðan aðrir fylgdust hrópandi með ævintýrinu. Þetta ku vera gömul hefð í Azerbaijan.

One day while walking back to the hotel I saw many beautiful old doors lined up in the shape of a pyramid and I was wondering what would happen to the doors. A couple of hours later, on my way back into town, all the doors in the pyre had been set alight and a few young guys were lining up to jump over the doors, whilst others stood and watched the excitement. This is apparently an old tradition in Azerbaijan.



Vefnaður og mynsturgerð er aldagömul hefð í Azerbajjan. Á myndinni sést lítill þráður í plastpoka. Þráðurinn er úr mörg hundruð ára gömlu teppi og ég hirti hann upp af gólfinu þar sem verið var að setja upp sýningu með þessum þjóðararfi. Litla teppið við hliðina er nýtt túristateppi, með mynd af Ungmeyjarturninum. Þetta teppi er gjöf frá menningarmálaráðherra Azerbajjan. Hann tók á móti okkur á skrifstofunni sinni og ræddi við hvern og einn um fyrirhugað verkefni. Við sátum níu sitt hvoru megin við stórt fundarborð og ég sat skáhalt á móti ráðherra. Þar sem ég var að segja frá mínu verki fannst mér viðeigandi að tala til fleiri fundarmanna, sem tóku þó aldrei til máls. Það tók mig smá tíma að átta mig á að maðurinn sem sat á móti mér og blikkaði ekki auga var lífvörður og lítið að spá í myndlist.

Textiles and pattern design are an ancient tradition in Azerbaijan. The picture shows a tiny thread in a plastic bag. The thread comes from a rug that is hundreds of years old. I picked it up off the floor while an exhibition of Azerbaijan's heritage was being hung. The small rug beside it was a rug made for tourists depicting the Maiden Tower. This rug is a gift from the Azerbaijani Minister of Culture. He received us in his office and discussed each individual prospective project. Nine of us sat on either side of a large conference table, and I sat diagonally across from the Minister. As I was describing my piece I thought it appropriate to speak to all of those attending the meeting, although they never spoke. It took me a while to realize that the man sitting opposite me who didn't bat an eyelid was a bodyguard, and probably not the least interested in art.



Myndir, stytur og skilti af fyrrverandi forseta Azerbaijan, Heydar Aliyev, er að finna út um alla borg. Í öllum menningarmiðstöðvunum sem við unnum fyrir voru myndir af núverandi og fyrrverandi forsetum landsins. Í Ahmedli bókasafninu voru myndir af forsetanum í röðum og heilu bókahillurnar með bókum um Heydar Aliyev. Í hvert skipti sem ég sá mynd af fyrrverandi og núverandi forseta landsins smellti ég af mynd. Þjó til mitt eigið safn; Þjóðhöfðingjasafnið – deild í samhengissafninu.

Pictures, statues and signs depicting the former President of Azerbaijan, Heydar Aliyev, can be found all over the city. In all the art centres we worked for there were pictures of current and former presidents. In the Ahmedli library there were rows of presidential pictures, and bookshelves stuffed with books about Heydar Aliyev. Each time I saw a picture of the former and current president of the country I took a photograph. I created my own collection: the Sovereign Collection – a department in the Context Collection.



söfnun / collecting



Frá því að ég gekk út af flugvellingum í Honolulu fann ég fyrir þessu rofi. Það hafði eitthvað rofnað við það að Hawaii varð bandarísk nýlenda. Það var ekki fyrr en ég kynntist starfsemi plöntufræðinga við Bishop Museum að mér fannst ég ná örliðu taki á þessu rót slitna ástandi. Það gilda sömu reglur um innflutning í öllum Bandaríkjunum og því er innflutningur á amerískum plöntum til Hawaii óheftur. Í felt-ferð til Waianae Range á O'ahu sá ég stóran skóg með dauðum trjám. Hawaii er bara tveir tíundu af 1% stærðar Bandaríkjanna. Engu að síður er talið að allt að 70% af þeim plöntum og dýrum sem dáið hafa út í öllum Bandaríkjunum séu frá Hawaii.

From the moment I walked out of the airport in Honolulu I could sense a feeling of erosion. Something had eroded by Hawaii becoming an American colony. It wasn't until I became familiar with the work of botanists at the Bishop Museum that I felt that I got a grip on this rootless situation. The same rules apply to imports across the USA; therefore the importation of American plants to Hawaii is unrestricted. During a fieldtrip to Waianae Range on O'ahu I saw a large forest of dead trees. Although the Hawaiian Islands are just two tenths of 1% of the size of the United States, the Hawaiian Islands account for nearly 70% of the United States' historically documented plant and animal extinctions.



Illgresið var fjarlægt frá *Colubrina oppositifolia* og ég fékk að taka það með mér heim. Stóra laufblaðið fann ég í regnskóginum við Manoa Falls í Honolulu.

The weeds were removed from the *Colubrina oppositifolia* and I was allowed to take them home with me.



Afrikusafnið í Tervuren, nálægt Brussel í Belgíu geymir merkilegt safn.

The Royal Museum for Central Africa, Tervuren Belgium has a rare collection.




Þessi mynd sat í mér eftir heimsóknina.

I wonder how this was done.



Í Afríkusafninu í Tervuren er tæplega 1% af safneigninni til sýnis, annað er í geymslum á svæðinu. Ég fór þangað til að skoða hluta af þessum 99%. Það mátti ekki tala við starfsfólk, ekki taka myndir. Þess í stað var mér bent á heimasíðu safnsins: “It is all on our homepage”.

At the Royal Museum for Central Africa, in Tervuren Belgium. Barely 1% of the collection can be found in the museum’s permanent exhibition, the rest is in storage. I went there to see some of the lot in the storage. You weren’t allowed to speak to the staff, or take photos. They said, “it is all on our homepage”.



Ég keypti mér tvær bækur frá Kongó. Fór á kaffihús og
pantaði mér vöfla. Þegar þjónninn síðan lagði á borð fyrir
mig pappírsdúk með auglýsingu sem hangir út um all borg,
bústna vöfla með rjóma og ég með grænu bókina, þá
small allt saman; fortíð, nútíð og framtíð – órofin heild.

I bought two books from the Congo. Went to a cafe and
ordered a waffle. Then the waiter laid the table; a paper
cloth with an advert that hangs all over the city, a plump
waffle with cream, and I was there with my green book
– that's when everything fell into place: The past, the pres-
ent, and the future – an unbroken whole.



All rights reserved.

No part of this publication may be reproduced, stored in or introduced into a retrieval system, or transmitted, in any form or by any means (electronic, mechanical, photocopying, recording or otherwise), without the prior written permission of the copyright owner of this book.

Printed in Belgium 2012

© Anna LÍndal